

GÖNGULEIÐIR



SPÁKONUFELLSHÖFÐI SKAGASTRÖND

NÁTTÚRA ÆVINTÝRI SAGA



Fólkvangur

Spákonufellshöfði var með ákvörðun menntamálaráðuneytisins gerður að fólkvangi þann 11. ágúst 1980. Höfðinn er í eigu og umsjón Sveitarfélagsins Skagastrandar sem hefur samráð við Umhverfisstofnun um skipulag svæðisins.

Með fólkvangi er átt er við það landsvæði sem er friðlýst til útivistar og almenningsnota.

Umgengnisreglur

1. Virða skal umgengnisreglur, varast að skerða gróður og trufla dýra- og fuglalíf. Notkun skotvopna er bönnuð.
2. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
3. Allt jarðrask er óheimilt sem og að losa sorp eða úrgang.
4. Óheimilt er að beita búfé á fólkvanginum.

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfuna.



Útgefandi: Sveitarfélagið Skagaströnd 2008, endurskoðuð útgáfa 2009.

Texti og umsjón með útgáfu: Ingibergur Guðmundsson og Sigurður Sigurðarson.

Jarðfræði, texti: Kristján Sæmundsson.

Fuglalíf, texti og myndir: Jóhann Óli Hilmarrson.

Gróðurfar, texti: Ágúst Þór Bragason.

Gróður, myndir: Jóhann Óli Hilmarrson.

Loftmynd með gönguleiðamerkingum: Loftmyndir ehf.

Forsíðumynd: Mats Wibe Lund.

Aðrir ljósmyndarar: Sigurður Sigurðarson (bls. 3, 6 og 8), Ólafía Lárusdóttir (bls. 2), Björn Bergmann (bls. 4), Jóhann Óli Hilmarrson (bls. 4-5), Unnar Agnarsson (bls. 5) og fleiri.

Umbrot: Hugverkasmíðja/Helgi Sigurðsson.

Prentun: Nýprent, Sauðárkróki.



SPÁKONUFELLSHÖFÐI

Spákonufellshöfði rís vestan við byggðina á Skagaströnd. Í daglegu tali er hann nefndur Höfðinn og um hann hafa verið lagðar léttar gönguleiðir. Þangað sækir fólk til að njóta útsýnis og útivistar í fallettri náttúru þar sem nálægðin við hafið, fjalla-hringurinn, fuglalífið og landið leika við skilningarvitin.

Sagan

Nafnið Spákonufellshöfði er ævafornt eins og nafnið á fjallinu fyrir ofan bæinn, Spákonufell en það er 639 m hátt. Bæði örnefnin tengjast bænum Spákonufelli sem stóð um aldir undir fjallinu.

Upphafið má rekja til þess að á 10. öld bjó Þórdís spákona á bænum Felli, hún var talin bæði fjölkunnug og göldrótt. Í Vatnsdælasögu er sagt að hún hafi verið „mikils verð og vel kunnandi“. Bærinn og fjallið drógu síðar nafn af henni og voru nefnd Spákonufell.

Þórdís er meðal annars þekkt fyrir að hafa fóstað fyrsta kristniþóða Íslendinga, Þorvald Koðráns-son, er nefndur var hinn víðförli. Hann þótti hraustur og hugprúður kappi sem ávann sér virðingu heiðinna manna og gat þess vegna stundað trúboð hér á landi frá 981 til 986. Minnisvarði um Þorvald víðförla stendur skammt frá fæðingarstað hans, Stóru-Giljá, við vegamót hringvegjar og Svínvetningabrautar.



Verslun í Höfða

Skipalægi við Höfðann þótti frekar ótryggt, „höfnin er hvorki örugg gegn ísreki, hafsjóum né stormi, því að ekkert hlífir henni fyrir áttunum frá SV-NV,“ eins og Ólafur Olavius segir um Skagastrandarhöfn árið 1775.

Líklegt er að verslun hafi hafist mjög snemma við Höfðann. Var talað um að verslunarskip kæmu í Höfða og verslunarstaðurinn nefndur Höfðakaupstaður um aldir. Dönskum var nafnið hins vegar ekki þjálnt í munni og þeir tóku að nefna verslunarstaðinn eftir merkingu á sjókorti sínu - Skagestrand.

Árið 1586 fengu kaupmenn frá Englandi og Hamborg leyfisbréf danska kóngsins til að stunda verslun á Skagaströnd en engar heimildir eru um að þau leyfi hafi verið notuð.

Árið 1602 hófst einokunarverslun Dana á Íslandi og þá varð Skagaströnd opinber verslunarstaður fyrir Húnavatnssýslur og Skagafjörð vestan Héraðsvatna, einn af tuttugu konunglegum verslunarstöðum landsins.

Einokuninni lauk árið 1787 en það var ekki fyrr en á 19. öld að byggð tók að myndast við Höfðann og um aldamót-

in 1900 bjuggu þar tæplega eitt hundrað manns.

Á fjórða og fimmta áratugnum fjölgaði fólki talsvert, bæði vegna aukinna síldveiða og hafnargerðar og árið 1945 var bjartsýnin svo mikil að á vegum nýsköpunarstjórnarinnar var skipulögð þrjú þúsund manna



byggð á Skagaströnd. Þá var hið forna nafn endurvakið og þéttbýlið nefnt Höfðakaupstaður. Nafnið náði þó aldrei góðri fótfestu og Skagastrandarnafnið varð að lokum yfirsterkara.



Gönguleiðin

Gönguleiðin hefst við bílastæðið á Höfðanum **(A)** (sjá loftmynd bls. 10). Þar voru fyrr á tímum skreiðarhjallar og sjást enn steipt fótstykkin. Fyrir sunnan bílastæðið var á stríðsárunum lítið varðbyrgi og var hlutverk breskra hermanna að fylgjast með ferðum um Húnaflóa og þá sér í lagi um höfnina.

Á Spákonufellshöfða var fyrr á tímum fallbyssu, sumir segja að þær hafi jafnvel verið tvær. Skotið var úr þeim til að láta bændur vita þegar kaupskipið kom frá Danmörku. Ein fallbyssu frá fyrri öldum er nú geymd á Þjóðminjasafninu.

Syðsti endi Höfðans ber tvö nöfn, **Hólsnef** og **Höfðatá**. Þar er legumerki fyrir höfnina frá þeim tíma er stærri skip lögðust ekki að bryggju heldur lágu við festar þar sem merkið bar í annað legumerki sem stendur hæst á Höfðanum. Sams konar merki voru á Hólanesi austan við víkina.

Þegar gengið er frá bílastæðinu norður eftir Höfðanum, sjávarmegin, er eftir nokkurn spöl komið að sérkennilegum litlum kletti sem nefndist **Tröllamey** **(B)**. Einhvern tímann hefur efsti hlutinn þó brotnað af klettinum og nú er eins og höfuðið vanti. Hún sat með bók eða þrjóna í kjöltu sér og beið forðum eftir að





bóndi sinn kæmi úr róðri en dagaði uppi.

Nokkru norðar er stór vík sem gengur inn í Höfðann að vestanverðu og heitir **Vækilvík** eða Vékelsvík en litlar skýringar er að finna á þessum sérkennilegu nöfnum. Sagnir eru um að fyrsti verslunarstaðurinn hafi verið

þarna og kaupskip jafnvel legið á víkinni en þar er aðdjúpt. Einnig eru til heimildir um að festarhringir fyrir skip hafi verið við víkina.

Vælugil nefnist gilskora í sunnanverðri Vækilvík. Skýringin á nafninu er sú að í ákveðnum vindáttum hvín í giliinu.

Norðan við víkina er **Reiðingsflöt (C)** en þar voru bændur sagðir hafa búið upp á hesta sína eftir að hafa átt viðskipti í skipum sem lágu á víkinni. Á Reiðingsflöt er gott að nema staðar og skoða sig um. Framan við flötina er lítill hólmi sem nefnist **Sauðsker** og má ganga þangað þurrum fótum á fjöru. Enn utar er lítið sker og er **Músasund** á milli, hyldjúpt og má fara á báti um sundið.

Nokkru norðan við Reiðingsflöt er **Arnarstapi**, tignarlegur klettur við norðurenda Höfðans (**D**).

Nálægt Arnarstapa er lægð sem ber nafnið **Leynidalur** eða Fagridalur og handan hennar er **Réttarholtshæð**. Austan hæðarinnar stendur bærinn **Réttarholt**. Efst á Réttarholtshæð er **Spánska dys (E)** en þar mun spænskur sjómaður hafa verið greftraður og staðurinn valinn vegna útsýnisins.

Þar sem Höfðinn og láglendið mætast heitir **Landsendi** og var **Landsendarétt** þar við sjóinn. Hún var hlaðin úr grjóti en er nú hrunin, þó sjást leifar hennar. Sunnan við Réttarholtshæð er bærinn **Laufás**.

Norðan við Spákonufellshöfða er stór vík sem nefnist **Bót** og nær hún út að **Finnsstaðanesi**. Árið 1910 strandaði strandferðaskipið Laura í víkinni í dimmviðri en mannbjörg varð.

Af Réttarholtshæðinni er aftur gengið ofan í lægðina og upp á Höfðann þar sem hann er hæstur. Leiðin liggur ofan við gamla grjótnámið (**F**). Þegar hafnargerð stóð sem hæst, á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, var gripið til þess ráðs að

sprengrja grjót úr Höfðanum til uppfyllingar. Grjótnámið mæltist misjafnlega vel fyrir og sagt er að þegar sprengingarnar stóðu sem hæst hafi álfkona vitjað heimamanns í draumi. Var hún ærið þungbúin og sagði að verið væri að skemma álfa-byggðina í Höfðanum. Spáði hún því að næstu tuttugu árin yrðu heimamönnum erfið.

Hvað sem segja má um orð álfkonunnar þá er það staðreynd að stuttu síðar hvarf síldin úr Húnaflóa og var það mikill skaði fyrir byggðina. Það var svo ekki fyrr en upp úr 1970 að aftur tók að rætast úr atvinnumálum. Síðan hafa margir trúað því að ekki megi kenna fyrirtæki eða skip við Höfðann, þá farnist illa.

Á háhöfðanum stendur annað af tveimur legumerkjum sem áður fyrr voru til leiðbeiningar fyrir skip um hvar væri best að leggjast við festar.

Fram á sjöunda áratug síðustu aldar voru haldnar veglegar áramótabrennur á Höfðanum. Voru það börn og unglingar í nágrenninu sem sáu um að safna efni í þær. Lengi voru tvær brennur á Skagaströnd, hin var á berginu fyrir ofan tjaldsvæðið og var oft mikil samkeppni um hvor brennan væri stærri.

Frá Bankastræti er lítið skarð upp í Höfðann sem nefnist **Tjaldklauf**. Þar tjölduðu bændur áður fyrr í kaupíðum. Rétt hjá hjúfrar lítill trjáreitir sig upp að Höfðanum en þar var gróðursett um 1950.

Hringsjá (**G**) var sett upp á Höfðanum árið 2007 að tilhlutan Lionsklúbbs Skagastrandar enda er útsýni þaðan afar gott. Í suðri eru Vatnsdals- og Víðidalsfjöll, síðan Borgarvirki en nokkru vestar er Vatnsnes. Handan Húnaflóa getur að líta Strandafjöll með Drangajökul í baksýn. Sé lítið í norður má sjá Króksbjarg og vitann í Kálfshamarsvík. Í austri breiðir svo hið svipsterka Spákonufell út faðm sinn.

Þórdís spákona

Fyrir rúmum eitt þúsund árum gekk Þórdís spákona daglega upp í fjallið til að greiða hár sitt með gullkambi en bær hennar var við rætur fjallsins þar sem nú er kirkjugarður Skagstrendinga.





Sagt var um Þórdísi að er hana grunaði að hún ætti skammt eftir ólífað þá tók hún kistu eina sem full var af gersemum. Fór hún með hana upp í Spákonufell og setti á klettasyllu framan í hömrum borgarinnar efst á fjallinu. Mælti hún svo fyrir að sú kona skyldi eignast kistuna og allt í henni sem væri svo uppalin að hún væri hvorki skírð í nafni heilagrar þrenningar né nokkur góður guðstitill kenndur. Kæmu þá hrafnar tveir með lykílinn að kistunni. Enn hefur engin kona gefið sig fram sem uppfyllir þessi skilyrði og búast má því við að fjársjóðurinn sé ennþá á sínum stað.

Jarðfræði

Höfðinn er gerður úr stórgerðu stuðlabergsbasalti og er án efa gamall gostappi. Aðal bergtegundin er gabbró. Skagaströnd er í miðri megineldstöð, eldfjalli sem á sínum tíma var nokkur hundruð metrum hærra en landið umhverfis. Eldstöðin er um 10 km að ummáli, hálf í sjó og hálf á landi. Hún var virk fyrir um sjö milljónum ára. Síðan hafa jöklar ísaldar rofið hana en innri gerðina má sjá á löngum kafla með sjó fram og í dölunum austan við bæinn. Þar ber mikið á berggöngum sem hríslast um berglög, ummynduð af jarðhita, því að þarna var háhitasvæði þegar eldstöðin var virk.

Tvö stór innskot hafa hreiðrað um sig í miðri eldstöðinni, angar frá kvikupró sem eitt sinn var þarna undir. Þau eru úr gabbrói, grófkorna bergtegund sem aðeins myndast við hæga storknun djúpt í jörð. Annað innskotið er Vindhælisstapi, hitt Spákonufellshöfði sem kaupstaðurinn dró eitt sinn nafn af. Áberandi er afbrigði af gabbró sem nefnist dólerít. Í því er rauðleitt ólivín sem er veikt fyrir veðrun og veldur því að bergið flagnar, verður að grófkornóttum salla.

Fuglalíf

Fuglalíf í Höfðanum einkennist annars vegar af sjófuglum og hins vegar af mófuglum. Fýll, æðarfugl, svartbakur, sílamáfur, kría og teista eru meðal sjófugla sem annað hvort verpa eða sjást reglulega. Á veturna eru dílaskarfur, stökkönd, hávella, æður, toppönd, sendlingur, silfurmáfur, bjartmáfur, hvítmáfur, hrafn, stari og snjótittlingur tíðir fuglar í Höfðanum og í fjörum í grenndinni. Fálki sést stundum.

Meðal algengra mófugla eru tjaldur, heiðlóa, sandlóa, hrossagaukur, stelkur og þúfutittlingur. Rjúpa sést stöku sinnum og ein hrafnshjón hafa bústað sinn í Spákonufellshöfða. Í skógræktarreit suðaustan við Höfðann verpa skógarprestir. Á fartíma, vor og haust, ber nokkuð á umferðarfuglum (farfuglum) í fjörum. Þetta eru bæði fuglar sem leið eiga um Ísland á leið milli vetrarstöðva í V-Evrópu og V-Afríku og varpstöðva á Grænlandi og íshafseyjum Kanada, svo og íslenskir varpfuglar. Lóupræll, rauðbrystingur og tildra eru algeng en sanderla sjaldgæfari. Hettumáfur er sumargestur.



Gróðurfar

Í gróðurfari Spákonufellshöfða má sjá allt frá strjálum gróðri, sem einkennir mela, yfir í fjölskrúðugar, grösugar mýrar á milli klettabelta. Í Höfðanum má finna algengar tegundir íslenskra plantna, meðal þeirra eru; geldingahnappur, skeggsandi, holurt, melanóra, melskriðnablóm, holtasóley, blóðberg, blásveifgras, krækilyng, kornsúra, túnvingull, lambagras og músareyra, auk ýmissa fléttna, byrkinga og mosategunda.

Í klettahlíðinni sem snýr að byggðinni voru gróðursettar trjáplöntur sem hafa átt erfitt uppdráttar, meðal annars vegna skafrennings og seltu. Algengar plöntur þar eru birki, sitkagreni og lerki. Birkið hefur á síðari árum sáð sér víðar um Höfðann og vaxa upp stakar plöntur þrátt fyrir erfið veðurfarsskilyrði. ■

SPÁKONUFELLSHÖFÐI

Gönguleiðir/Hiking routes/Wanderrouten



Með gönguleiðinni eru fræðsluskilti um fugla og gróður Höfðans.

Fyll *Fulmar glectus*

Fræðsluskilti um Fyll, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Hrossagaukur *Colinus pectoratus*

Fræðsluskilti um Hrossagaukur, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Hrafn *Corvus corax*

Fræðsluskilti um Hrafn, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Kría *Struthio camelus*

Fræðsluskilti um Kría, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Birkí *Artemisia arbuscula* **Kornsóna** *Hordeum bogotense*

Fræðsluskilti um Birkí og Kornsóna, með mynd af blómum.

Geldingahúppur *Chamaenerion luteum* **Lokasjóður** *Chamaenerion luteum*

Fræðsluskilti um Geldingahúppur og Lokasjóður, með mynd af blómum.

Svarthakur *Corvus corax*

Fræðsluskilti um Svarthakur, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Telita *Oxyechus oleraceus*

Fræðsluskilti um Telita, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Tjaldur *Numenius arquata*

Fræðsluskilti um Tjaldur, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Áberlugi *Struthio camelus*

Fræðsluskilti um Áberlugi, með mynd af fugli og mynd af eggjum.

Hrafnalífa *Artemisia arbuscula* **Vallhúsali** *Chamaenerion luteum*

Fræðsluskilti um Hrafnalífa og Vallhúsali, með mynd af blómum.

Krakkyng *Chamaenerion luteum* **Hvínámseni** *Chamaenerion luteum*

Fræðsluskilti um Krakkyng og Hvínámseni, með mynd af blómum.

GÖNGULEIÐIR



Spákonufellshöfði er náttúruperla, tilvalinn staður til að njóta útiveru, útsýnis og náttúrufegurðar. Í bæklingnum er ýmiss konar fróðleikur um Skagaströnd og Höfðann, gróðurfar hans, jarðfræði og fuglalíf. Birt er loftmynd af Höfðanum og inn á hana merktar gönguleiðir. Tilgangurinn með útgáfunni er að hvetja fólk til útivistar, skoða, skilja og reyna.

Gönguleiðir eru flestar stuttar og við þær hefur víða verið komið fyrir upplýsingaskiltum um fugla og plöntur.

Þó Spákonufellshöfði sé ekki hár er afar víðsýnt af honum og blasa við húnvetnsk fjöll og dalir og handan hins víða Húnaflóa sér til Stranda.

Úti við ysta sæ leikur náttúran á als oddi og skiptir þá engu máli hvernig viðrar, alltaf má njóta útiverunnar.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

www.skagastrond.is